

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

3. maí 2017

Mál: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu fríverslunarsamnings milli EFTA-ríkjanna og Filippseyja, 263. mál.

Samtök atvinnulífsins styðja eindregið að tillagan hljóti samþykki Alþingis og að fríverslunarsamningurinn verði fullgiltur sem fyrst.

Fríverslunarsamningar eru mikilvægir til að tryggja hindranalausán aðgang vöru á gagnkvæma markaði. Með því batnar samkeppnisstaða atvinnulífsins og möguleikar til aukinna viðskipta milli ríkjanna skapast. Allir aðilar hafa hag af samningunum með betri nýtingu framleiðslutækja, vernd hugverka og því að ágreiningsmál sem upp kunna að koma eru leyst eftir ákveðnu ferli. Fríverslunarsamningar eru þess eðlis að bæta hag almennings í öllum samningsríkjum og vinna gegn einangrunarstefnu.

Mikilvægasti samningur Íslands á þessu sviði er EES – samningurinn. Flestir fríverslunarsamningar Íslands eru hluti af sameiginlegum samningum EFTA ríkjanna. Þessir samningar leggja grunn að alþjóðaviðskiptum íslenskra fyrirtækja auk þess sem virk þátttaka stjórnvalda í alþjóðlegu samstarfi eins og í OECD og WTO er mjög mikilvæg.

Eitt mikilvægasta hlutverk utanríkisþjónustunnar er að þróa og viðhalda þessum viðskiptasamningum og gera nýja. Það styrkir samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og greiðir fyrir þátttöku fyrirtækja hér á landi í alþjóðlegum viðskiptum.

Virðingarfyllst,



Pétur Reimarsson,
forstöðumaður samkeppnishæfnisviðs.